

140.fundur skólanefndar Stykkishólmsbæjar.

Haldinn 16.júní 2015 kl. 17 í Grunnskólanum í Stykkishólmi

Mættir:

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir formaður(HH), Steinunn Helgadóttir varafulltrúi(SH), Kristbjörg Hermannsdóttir fulltrúi(KH), Ásmundur S. Guðmundsson fulltrúi (ÁSG), Jón Einar Jónsson (JEJ)

Áheyrnafulltrúar:

Gunnar Svanlaugsson skólastjóri grunnskólans (GS), Sigrún Þórsteinsdóttir skólastjóri leikskólans (SP), Berglind Axelsdóttir aðstoðar skólastjóri grunnskólans (BA), Steinunn Ingibjörg Magnúsdóttir (SIM) fyrir starfsfólk Grunnskólans, Ingunn Sif Höskuldsdóttir fyrir foreldra leikskólabarna (ISH), Ægir Breiðfjörð Jóhannsson fyrir foreldra grunnskólabarna (ÆBJ)

Kristbjörg Hermannsdóttir ritar fundargerð.
Formaður setti fund kl.17

Dagskrá:

1. Skýrsla skólastjóra leiksskólans

- a. Búið er að innrita öll börn í leikskólann fyrir næsta vetur og ekki verða tekin inn fleiri börn. Það verða 72 börn í heildina.
- b. Verið er að skoða þörfina fyrir sérkennslu næsta vetur.
- c. Þrír kennarar eru búnir að segja upp störfum frá og með hausti, auglýsing birtist í Stykkishólmspóstinum 10. júní. Umsóknarfrestur er til 26. Júní.
Kennarar sem sagt hafa upp með 3. mánaða uppsagnarfresti:
Sigríður Bjarney Guðnadóttir
Birta Antonsdóttir
Sigrún Erla Eyjólfsdóttir
- d. Nokkur börn byrjuðu hér í byrjun júní en flest nýju börnin byrja í ágúst/september.
- e. Væntanlega verða börnin á Vík aðlöguð með svokallaðri þátttökuaðlögun sem er aðeins breytt form á tilhögun aðlögunar en hefur reynst mjög vel í öðrum skólum. (sjá fylgiskjöl)

- f. Nokkuð er um að foreldrar sæki um lengra sumarfrí fyrir börnin sín
- g. Leikskólinn lokar vegna sumarleyfa föstudaginn 3. júlí og við opnum aftur mánudaginn 10 ágúst.
- h. Þær breytingar verða á opnunartíma leikskólans næsta vetur að við lokum kl 16:30 en ekki kl 17:00 eins og verið hefur. Eins er mikill sveigjanleiki með vistunartíma.

Lagfæringar á lóðinni verða búnar fyrir sumarfrí. Sigríður Ólöf Sigurðardóttir (Sigga Lóa) garðyrkjufraeðingur var ráðin í það verkefni.

Í sumarleyfinu verður málað innandyra.

ÁSG spyr betur út í aðlögunina. Skýring í fylgiskjölum.

KH spyr hvar þessi aðferð hafi verið notuð.

SP- Grundarfirði og flestum leikskólum í Rvk. Prófað núna vegna þess að það eru óvenju margir sem eru að byrja nýjir í haust.

HH spyr um lóðina

SP - stefnt að því að einfalda hana þá sérstaklega hvað gróður varðar. Mikill ágangur á þennan leikvöll þar sem hann er nánast sá eini í bænum í góðu lagi.

KH spyr um úttekt fagaðila.

SP -Það hefur ekki náðst í heilbrigðisfulltrúa Vesturlands.

2. Skýrsla skólastjóra grunnskólans

a. Skólaslit 2015

Vel sótt og hátíðleg.

Þátttaka nemenda góð.

Ágústína Guðmundsdóttir lét af störfum eftir 30 ára starf

Eyþór Benediktsson lét af störfum

b. Næsta skólaár 2015 – 2016

Undirbúningur í fullum gangi. Vinnumat ennþá í vinnslu. Næsta skólaár verður viðmiðunar ár í þessu breytta umhverfi. Margt breytist með nýju vinnumati t.d. verður kennslumagn misjafnt milli kennara svo eitthvað sé nefnt.

c. Starfsmannamál

Breytingar á kennara – og starfsmannahóp GSS fyrir komandi skólaár.

Almennir starfsmenn sem látið hafa af störfum

Anna Lísá Hassing, stuðningsfulltrúi
Dallilja Inga Steinarsdóttir, stuðningsfulltrúi
Kristín Rós Jóhannesdóttir, stuðningsfulltrúi
Sveinn Arnar Davíðsson, stuðningsfulltrúi

Eftirtaldir færast á milli vinnusvæða
Guðbjörg Arna Evudóttir, frá skólaliða yfir í stuðningsfulltrúa
Gunnhildur Gunnarsdóttir, frá stuðningsfulltrúa yfir í leiðbeinenda / kennara

Kennarar sem látið hafa af störfum
Ágústína I. Guðmundsdóttir, kennari
Eyþór Benediktsson, aðstoðarskólalastjóri
Hildur Sigurðardóttir, íþróttakennari
Sara Jóhannesdóttir, kennari

Nýráðningar
Gísli Pálsson, íþróttakennari
Sigríður Bjarney Guðnadóttir, sérkennari
Kristbjörg Hermannsdóttir, textílmennt
Gunnhildur Gunnarsdóttir, íþróttáfræðingur / íþróttir

Auglýsing frá GSS sjá fylgiskjöl

Sagt frá auglýsingu sem fór frá skólanum í dag sjá fylgiskjöl

Umræður

d. Áherslur í starfi

BA-Sagt frá uppeldi til ábyrgðar og þeirri vinnu sem hefur farið fram í vetur þ.m.t. starfsmannasáttmálann og einkunnarorð skólans. Verkefni haustins eru m.a. skólareglurnar. Skólanámsskrá er komin inn á heimasíðu skólans. Hún verður uppfærð jöfnum höndum. Verið að skoða nýtt kennsluumsjónarkerfi, Námsfús. Bekkjarnámsskrár þarf að endurskoða. Vitnisburðablöð verða hugsanlega uppfærð og miðuð að nýja kerfinu. Starfsmannakönnun er komin á heimasíðu skólans. Stefnt er að leggja fyrir nemendakönnun í haust. Sjálfsmatsáætlun er í vinnslu.

SH spyr um munin á Mentor og Námsfús. Viðmótið er mjög svipað fyrir foreldra, en Námsfús hefur ýmsa auka kosti og möguleika t.d myndi það taka yfir Moodle.

e. Önnur mál.

Gjaldskrá lögð fram frá skólanum t.d. vegna leigu á húsnæði

Gunnar Svanlaugsson hefur fengið launalaust leyfi í þrjár vikur n.k. haust.

Fundarmenn ræddu um ónæði á skólaslitum og komu með tillögur að úrbótum.

HH fagnar mjög hversu virk heimasíða grunnskólans er og nefnir sérstaklega ánægju með ferli barnaverndarnefndarmála sem búið er að setja þar inn.

3. Fyrirspurn frá Jóni Einari Jónssyni

Til skólanefndar Stykkishólms og stjórnenda Grunnskóla Stykkishólms:

Í fundargerð bæjarráðs frá 15. apríl sl.,

http://www.stykkisholmur.is/Files/Skra_0071022.pdf

stendur, um fyrirhugaðan flutning Amtbókasafns, sem virðist í framtíðinni eiga að standa á lóð Grunnskólans:

"Endanleg hönnun viðbyggingar við Grunnskólann liggur ekki fyrir. Tveir kostir koma til greina, að byggja Amtsbókasafn sem jafnframt er skólabókasafn vestan við skólann með tengingu um Helgafellsálmú eða fella safnahúsið inní stækkunina sem fyrirhuguð er að austan við skólann.
"

Spurningar mínar vegna þessa eru svo hljóðandi:

- 1) Hafa stjórnendur grunnskólans skoðun á þessari áherslubreytingu varðandi viðbygginguna við Grunnskólann?

Nefndarmenn afhenta vinnubók um stækkun grunnskóla og byggingu tónlistarskóla. Skjalið er frá 2005.

GS lýsir ánægju sinni með þessa áherslubreytingu og skýrir það frekar og vísar í texta bókarinnar. GS situr í vinnuhóp þessa verkefnis.

Umræða

- 2) Hafa kostir (eða gallar) þess að sameina skólabókasafn og amtsbókasafn verið skoðaðir, í vetur eða einhvern tíma á liðnum árum?

Kostir væru t.d. að skólinn fengi aukið rými undir kennslu, þ.e. skólabókasafnið yrði opið kennslurými.

Vinnuhópur var stofnaður í vor og er að skoða þessa hluti.ath HH setja inn frekari upplýsingar

- 3) Ef svo er, hvaða niðurstöður komu fram úr slíkri vinnu?

4. Önnur mál

Lokafundur Kristbjargar Hermannsdóttur í skólanefnd þar sem að hún tekur við stöðu textílkennara frá og með 1.ágúst n.k.

HH þakkar henni vel unnin störf.

HH leggur til að næsti fundur verði í ágúst þar sem farið verður yfir námskeið sem haldið var í vetur fyrir skólanefndarfulltrúa.

Fundi slitið kl.18:50

SP vék af fundi 18:40

Fulltrúar:

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir formaður, (sign)

Steinunn Helgadóttir varafulltrúi, (sign)

Kristbjörg Hermannsdóttir fulltrúi, (sign)

Ásmundur S. Guðmundsson fulltrúi (sign)

Jón Einar Jónsson (sign)

Áheyrnafulltrúar:

Gunnar Svanlaugsson skólastjóri grunnskólans, (sign)

Berglind Axelsdóttir aðstoðarskólastjóri grunnskólans,(sign)

Sigrún Þórsteinsdóttir skólastjóri leikskólans, (sign)

Seinunn Ingunn Magnúsdóttir (sign)

Ægir Breiðfjörð Jóhannsson fyrir foreldra grunnskólabarna, (sign)

Ingunn Sif Högnadóttir fyrir foreldra leikskólabarna (sign)

Fylgiskjöl:

Þátttökuaðlögun 2010

Áður en barn byrjar í leikskólanum er foreldrum boðið á kynningarfund þar sem starf leikskólans er kynnt. Foreldrar hitta síðan deildarstjóra / leikskólakennara í stuttu viðtali á meðan á aðlögun barnsins stendur.

Barnið þarf að fá góðan tíma til að kynnst leikskólanum og starfsfólki því góð aðlögun hefur mikla þýðingu varðandi áframhaldandi dvöl barnsins. Á þessu tímabili kynnst barn og foreldrar starfsfólki leikskólans og starfsemi hans. Þegar barn byrjar í leikskóla er nauðsynlegt að hafa í huga þær breytingar sem það hefur í för með sér fyrir barnið. Barnið þarf að aðlagast nýju umhverfi, nýju fólki, læra að vera í hóp og fara eftir reglum og fleira.

Þátttökuaðlögun

Leikskólinn er samfélag þar sem börn og fullorðnir byggja upp þekkingu saman og staður námstækifæra. Barnið tekur virkan þátt í að móta umhverfi sitt og þekkingu. Í þeim anda er **hin nýja aðlögun** sem nefnd er **þátttökuaðlögun**. Hún byggist á því að ekki er verið að venja

barnið við að vera skilið eftir í leikskólanum, heldur er það að læra að vera í nýjum aðstæðum.

Þáttökuaðlögun byggir m.a. á þeirri trú að foreldrar yfirfæri eigin öryggiskenns og forvitni í þessum nýju aðstæðum á börnin sín. Með því að foreldrar séu þátttakendur frá fyrsta degi öðlast þeir öryggi um dagskipulagið og það nám sem fram fer í leikskólanum. Þeir kynnast kennurunum, öðrum börnum og foreldrum. Hugmyndafræðin á bak við þetta nýja ferli aðlögunar er **Öruggir foreldrar = örugg börn**

Þáttökuaðlögun byggir á að foreldrar eru með börnum sínum í þrjá daga :

- ✚ Dagur 1 frá kl: 9.30 -11.30
- ✚ Dagur 2 frá kl: 8.30 -15.00 (ef barn er til 12 eða 14 þá miðast lokatími við þann tíma)
- ✚ Dagur 3 frá kl: 8.00 -15.00 (miðast við dvalartíma barnsins.....)

Foreldrar eru inni á deild með börnum sínum allan tímann (nema þegar þau sofa). Foreldrar sinna börnum sínum, skipta á þeim, gefa þeim að borða, leika með þeim og eru til staðar. Kennararnir eru virkir þátttakendur í aðlöguninni, þeir skipuleggja daginn og útteila verkefnum.

Á fjórða degi koma börnin á sínum tíma um morguninn og kveðja foreldrana fljótlega. Einstaka börn þurfa að hafa foreldra sína með sér í fjóra daga en reynslan sýnir að þau eru fá.

Mikilvægt er að minna á trúnað og þagnarskyldu þar sem ljóst er að með lengri viðveru tímabundið fá foreldrar óbeinar upplýsingar um önnur börn.

Þáttökuaðlögun

Leikskólinn er samfélag þar sem fullorðnir og börn byggja upp þekkingu saman og staður námstækifæra. Barnið tekur virkan þátt í að móta umhverfi sitt og þekkingu. Í þeim anda er hin nýja aðlögun sem nefnd er þáttökuaðlögun. Hún byggist á því að ekki er verið að venja barnið við að vera skilið eftir í leikskólanum, heldur er það að læra að vera í nýjum aðstæðum.

Þáttökuaðlögun byggir m.a. á þeirri trú að foreldrar yfirfæri eigin öryggiskennnd og forvitni í þessum nýju aðstæðum, á börnin sín. Með því að foreldrar séu þátttakendur frá fyrsta degi öðlist þeir öryggi um dagskipulagið og það nám og starf sem fram fer í leikskólanum. Þeir kynnast kennurum öðrum börnum, foreldrum og starfinu í leikskólanum.

Foreldrar eru með börnunum í þrjá daga.

Dagur 1. frá kl. 9.00 til 11.30,
dagur 2. frá 9.00 - 15.00 og
dagur 3. frá kl. 8.00 - 15.00.

Foreldrarnir eru inni á deild með börnum allan tímann (nema þegar þau sofa). Foreldrar sinna börnum sínum, skipta á þeim, gefa þeim að borða, leika með þeim og eru til staðar. Kennararnir eru virkir þátttakendur í aðlöguninni, þeir skipuleggja daginn og deila út verkefnum. Á fjórða degi koma börnin um morguninn og kveðja foreldrana fljótlega. Einstaka börn þurfa að hafa foreldra sína með sér í fjóra daga en reynslan sýnir að þau eru fá.

Stykkishólmsbær Merki bæjarins

Frá Grunnskólanum í Stykkishólmi

Við auglýsum eftir kennurum í eftirtaldar stöður frá og með 1. ágúst n.k.

- 50% kennara í textílmennt
- 50% íþróttir stúlkna
- 50% íþróttir pílta
- 50% sérkennara

Gleði – samvinna – sjálfstæði eru einkunnarorð skólans. Viðkomandi þarft að vera tilbúinn að vinna með okkur í að efla starfið í þeim anda enn frekar.

Umsóknir skulu berast Gunnari Svanlaugssyni, skólastjóra, gunnar@stykk.is, sem einnig veitir allar frekari upplýsingar í síma 864-8864

Umsóknarfrestur er til 15. júní

16. júní 2015 11:09

Frá Grunnskólanum í Stykkishólmi

Við auglýsum eftir **starfsfólki** í eftirtaldar stöður frá og með 15. ágúst n.k.

- 2 x 50% stöður við Heilsdagsskólann.
- Vinnutími 12:00 – 16:00

- 1 x 80% staða stuðningsfulltrúa á mið- og efsta stigi (5. – 10. bekkir)
Vinnutími 8:00 - 14:00

- **Stærðfræðikennara** á efsta stigi í 50 % stöðu (13 tímar) frá og með 1. ágúst.

Gleði – Samvinna – Sjálfstæði eru einkunnarorð skólans.

Viðkomandi þarf að vera tilbúinn að vinna með okkur í að efla starfið í þeim anda enn frekar.

Umsóknir skulu berast Gunnari Svanlaugssyni, skólastjóra, **gunnar@stykk.is**, sem einnig veitir allar frekari upplýsingar í síma 864-8864